



Mikill vöxtur einkaneyslu á öðrum fjórðungi

Hagvöxtur mældist 3,4% á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama fjórðung árið áður, skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta er nokkuð minni vöxtur en á fyrsta ársfjórðungi þegar hann nam 5,2% og töluvert minni vöxtur en á þriðja og fjórða fjórðungi síðasta árs en hann lá á bilinu 9,6-11,3%. Þetta er minnsti vöxturinn á 12 mánaða grundvelli síðan á fjórða ársfjórðungi 2015 þegar hann nam 3,1%.

Í spá Hagfræðideildar frá því í maí var gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 6,7% á þessu ári. Hagvöxtur á fyrri árshelmingi nam 4,3% samkvæmt þessum bráðabirgðatölum sem er því nokkuð minni vöxtur en við gerum ráð fyrir að verði yfir árið í heild.

Vöxturinn borinn uppi af einkaneyslu og útflutningi


Vöxturinn á fyrri árshelmingi var borinn af vexti einkaneyslu og útflutnings en framlag einkaneyslu var þó umtalsvert meira. Framlag fjármunamyndunar var síðan nokkuð minna en framlag útflutnings. Vöxtur einkaneyslu reyndist 8,3% frá sama tímabili í fyrra, útflutningur jókst um 6,4% en fjármunamyndun um 5,2%.

Mjög kröftugur vöxtur einkaneyslu á öðrum fjórðungi

Vöxtur einkaneyslu var mjög kröftugur á öðrum fjórðungi og nam hann 9,5% miðað við sama tímabili í fyrra. Vöxturinn hefur ekki reynst meiri síðan á fjórða ársfjórðungi 2007 þegar hann nam 10,5%. Til samanburðar nam vöxtur einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi 7%. Vöxturinn á fyrri árshelmingi nam 8,3% sem er meira en við spáum að verði fyrir árið í ár en við gerum ráð fyrir að vöxturinn verði 7,2%.


Hægir á vexti útflutnings

Vöxtur útflutnings nam 8% miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er nokkuð meira en á fyrsta ársfjórðungi þegar hann nam 5,4%. Þetta er hins vegar töluvert




Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands

Vöxtur á H1 og spá Hagfræðideildar



Spá Hagfræðideildar fyrir árið í heild
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



minni vöxtur en á síðustu tveimur fjórðungum síðasta árs þegar hann lá á bilinu 14-17%. Vöxtur þjónustuútflutnings nam 8,5% og er þetta því fjórði ársfjórðungurinn í röð sem vöxtur útflutnings dregst saman á ársgrundvelli. Þetta er einnig minnsti vöxturinn á þjónustuútflutningi síðan á fjórða ársfjórðungi 2014. Vöxtur í þjónustuútflutningi hefur verið drifinn áfram af ferðaþjónustu á síðustu árum. Hægt hefur nokkuð á vexti í ferðaþjónustu á síðustu mánuðum miðað við það sem verið hefur á síðustu misserum og er minnkandi vöxtur í þjónustuútflutningi því í samræmi við það. Vöxtur í vöruútflutningi nam 7,6% á öðrum fjórðungi og hefur hann ekki verið jafn mikill síðan á fjórða ársfjórðungi 2015 þegar hann nam 8,9%. Töluvert meiri sveiflur hafa einkennt aukningu vöruútflutnings en þjónustuútflutnings á síðustu misserum að því leyti að vöxtur í vöruútflutningi hefur nokkrum sinnum mælst neikvæður á 12 mánaða grundvelli. Vöxtur vöruútflutnings hefur einnig verið umtalsvert minni en vöxtur þjónustuútflutnings á síðustu misserum og árum.


Vöxtur útflutnings



Lítill aukning í atvinnuvegafjárfestingu

Vöxtur fjármunamyndunar var 5,8% á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra en vöxturinn nam 4,5% á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er töluvert minna en var fjórðungana á undan. Á fyrri hluta ársins nam vöxturinn 5,2% og skýrist tiltölulega lítill vöxtur fyrst og fremst af lítilli aukningu atvinnuvegafjárfestingar en hún nam einungis 1,3% á fyrri árshelmingi. Að nokkru leyti skýrist lítill aukning atvinnuvegafjárfestingar af grunnáhrifum síðasta árs en innflutningur á skipum og flugvélum var töluvert minni á fyrri árshelmingi þess árs borið saman við sama tímabil í fyrra og dregur það því vöxt atvinnuvegafjárfestingar niður. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 8,4% og fjárfesting alls um 11,5% á 12 mánaða grundvelli.

Vöxtur í fjárfestingu og undirliðum



Mikill kraftur í íbúðafjárfestingu

Vöxtur í íbúðafjárfestingu nam 25,4% á öðrum fjórðungi á ársgrundvelli og er þetta fimmti ársfjórðungurinn í röð þar sem vöxturinn mælist yfir 20%. Mikill vöxtur skýrist að töluvert leyti af því að þróun húsnæðisverðs og byggingarkostnaðar hefur verið með þeim hætti að hagstæðara er að byggja nú en áður. Við gerum ráð fyrir að vöxtur í



Íbúðafjárfestingu verði 25% yfir árið í heild en
vöxturinn á fyrri árshelmingi nam 28,6%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.